

Laxey ehf.
Viðlagafjöru 1
900 Vestmannaeyjar

Selfossi, 2. júní 2026
Tilvísun: 2410586

Efni: Heimild til innflutnings á frjóvuguðum laxahrognum frá Noregi

Matvælastofnun vísar til umsóknar Laxey ehf. um heimild til innflutnings á frjóvuguðum laxahrognum frá landeldisstöð í Noregi, AquaGen Profunda, eldisstöð 10183 Barstadvik.

Matvælastofnun hefur farið yfir fyrirbyggjandi gögn vegna umsóknarinnar, þar á meðal upplýsingar um Laxey ehf., fyrirhugaðan innflutning, uppruna hrognanna og stöðu AquaGen Profunda sem selur hrognin. AquaGen Profunda hefur verið samþykkt af norsku matvælastofnuninni, Norwegian Food Safety Authority (NFSA), sem sjálfstætt hólf/compartment samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/429 og reglugerð (ESB) 2020/689. Fyrir liggur að birt hefur verið yfirlýsing um sjúkdómalausastöðu stöðvarinnar gagnvart ISA HPR-deleted og að stöðin sé talin laus við ISA HPR-deleted samkvæmt 83. gr. reglugerðar (ESB) 2020/689. Þá kemur fram í gögnum norskra yfirvalda að Noregur teljist sögulega laus við epizootic haematopoietic necrosis, EHN. Jafnframt kemur fram að Noregur hafi landsbundna sjúkdómalausastöðu gagnvart infectious haematopoietic necrosis, IHN, og viral haemorrhagic septicaemia, VHS. Þá er stöðin undir opinberu eftirliti NFSA með tilliti til áframhaldandi uppfyllingar á skilyrðum sem gilda um sjálfstæð hólf samkvæmt reglugerð (ESB) 2020/689 og heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar, WOAH, fyrir lagadýr.

Matvælastofnun hefur við meðferð málsins leitað umsagna þeirra aðila sem tilgreindir eru í 2. gr. laga nr. 54/1990 um innflutning dýra, þ.e. fisksjúkdómanefndar, Hafrannsóknastofnunar og erfðanefndar landbúnaðarins. Jafnframt var leitað afstöðu Náttúruverndarstofnunar vegna mögulegrar aðkomu stofnunarinnar að málinu. Umsagnirnar fela ekki í sér andstöðu við fyrirhugaðan innflutning, en í þeim er lögð áhersla á að innflutningi lifandi erfðaefnis geti fylgt áhætta vegna sjúkdóma og mögulegrar erfðablöndunar við villta laxastofna. Þá er sérstaklega bent á mikilvægi rekjanleika, varðveislu erfðaupplýsinga foreldrafiska, heilbrigðisvottunar, markvissra smitvarna og viðeigandi eftirlits. Ráðherra hefur verið upplýstur um efni erindisins og hefur ákveðið að nýta ekki þær heimildir sem felast í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 54/1990 um innflutning dýra. Matvælastofnun hefur tekið framangreindar umsagnir og afstöðu ráðherra til greina við mat á umsókninni og við mótun þeirra skilyrða og eftirlitsráðstafana sem gilda um innflutninginn.

Mat Matvælastofnunar er að gögnin sýni að bæði Laxey ehf. og upprunahólf hrognanna í Noregi uppfylli þau skilyrði sem gerð eru samkvæmt framangreindu regluverki, eins og það hefur verið innleitt hér á landi.

Með vísan til framangreinds tilkynnis Matvælastofnunar hér með að stofnunin gerir ekki athugasemd við að Laxey ehf. flytji inn frjóvuguð laxahrogn frá framangreindum aðila í Noregi, enda verði innflutningurinn framkvæmdur í samræmi við gildandi lög og reglur um innflutning lagardýra, smitvarnir og dýraheilbrigði.

Heimildin er bundin við þann uppruna, þann framleiðanda/seljanda og þá tegund hrognna sem umsóknin tekur til. Innflutningur skal jafnframt háður því að fullnægjandi heilbrigðisvottorð og önnur lögboðin fylgigögn liggi fyrir við hverja sendingu, og að tilkynningar og skráningar vegna innflutnings séu framkvæmdar með þeim hætti sem Matvælastofnun kveður á um.

Matvælastofnun gerir ekki kröfu um sýnatöku úr hrognunum fyrir innflutning, enda liggur fyrir að upprunastöðin hefur viðurkennda sjúkdómalausastöðu gagnvart ISA HPR-deleted, er undir opinberu eftirliti lögbærs yfirvalds í Noregi sem sjálfstætt hólf/compartment, og að fyrir liggur hagstæð staða Noregs gagnvart EHN, IHN og VHS. Stofnunin telur þó rétt, sem lið í almennu eftirliti, rekjanleika og smitvörnum eftir komu til landsins, að móttökueftirlit geti farið fram eftir komu hrognanna á starfsstöð Laxey ehf., í samráði við Matvælastofnun.

Matvælastofnun telur rétt, sem lið í almennu eftirliti, rekjanleika og smitvörnum eftir komu til landsins, að móttökueftirlit geti farið fram eftir komu hrognanna á starfsstöð Laxey ehf., í samráði við Matvælastofnun. Stofnunin áskilur sér því rétt til að framkvæma eða krefjast frekara móttökueftirlits eftir komu hrognanna til landsins, þar á meðal sýnatöku, skimunar fyrir tilteknum sjúkdómsvöldum og, eftir atvikum, tímabundinnar sóttkvíar þar til niðurstöður liggja fyrir. Við ákvörðun um umfang slíks móttökueftirlits mun Matvælastofnun líta til fyrirbyggjandi gagna um uppruna, heilbrigðisvottana auk sjúkdómastöðu upprunastöðvar og Noregs. Ef slík forskimun telst fullnægjandi getur stofnunin, eftir atvikum, ákveðið að draga úr umfangi sýnatöku eða skimunar eftir móttöku fyrir þeim sjúkdómsvöldum sem þegar hafa verið skimaðir með fullnægjandi hætti.

Innflytjandi getur, að eigin frumkvæði, lagt fram niðurstöður úr skimun sem framkvæmd hefur verið fyrir innflutning, enda sé slík skimun framkvæmd með fullnægjandi hætti að mati Matvælastofnunar, m.a. að teknu tilliti til álits Keldna. Slík forskimun er ekki skilyrði fyrir innflutningi, en getur komið til skoðunar við ákvörðun um umfang móttökueftirlits eftir komu til landsins.

Matvælastofnun áskilur sér að öðru leyti rétt til að óska eftir frekari gögnum eða stöðva innflutning ef fram koma nýjar upplýsingar sem geta haft áhrif á mat á sjúkdómastöðu, smithættu eða öðrum skilyrðum innflutnings.

Virðingarfyllt,
f.h. Matvælastofnunar



Karl Steinar Óskarsson
Deildarstjóri